

KJARVAL

Bautabúrs ungnautahakk **988** kr./kg

Hagkvæmt 20% í heimabygð

SS Caj P's lambatvirfjur **1998** kr./kg
verð áður 2490

Goða kinda-, belkon- og nestiskæfa **198** kr./pk.

Ostakaka með sikkulaði, hindberjum, karamellu og bláberjum **898** kr./pk.

Maryland kek, 4 tegundir **99** kr./pk.

Islenskt kirakál **199** kr./kg

Casa Fiesta tortillur, 4 stk. í pk. **269** kr./pk.

Casa Fiesta mild sósa og Taco skeljar **269** kr./pk.

Egils appelsín, Pepsi, Pepsi Max og Mountain Dew, 33 cl dósir **89** kr./pk.

EXPO - www.expo.is
Í vörum þitt með þessum ungnautahakkum myndast

Klaustur Sími: 487 4616 Vík Sími: 487 1325 Hvílsvöllur Sími: 585 7990 Þorlákshöfn Sími: 585 7995 Hella Sími: 585-7585

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson
tannlæknir verður á
Heilsugæslustöðinni í Vík
miðvikudaginn 1. september

Tímamantanir í síma 480 5340

Í tilefni af komu Vitans!

19. ágúst sl.

Áskorun ég áðan sá
óðar henni stjaka frá,
hún hugann leitar aftur á,
svo einhver skil þú kannt að fá!

Ekkert veit um andans kraft
hvort eykst hann neitt að magni.
"Fjandi lítið fyrir haft"
þótt fáum komi að gagni.

Áskorun þinni allvel tek.
"orða grind"nú saman rek,
þó hún sé bæði lúin og lek,
og líti út eins og fúid sprek.
Á.S.

Vin sínum
skal maður vinur vera,
þeim og þess vin.
En óvinar síns
skyli engi maður
vinar vinur vera.

Veistu ef þú vin átt
þann er þú vel trúir
og vilt þú af honum gott geta.
Geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama;
en orðstír
deyr aldregi,
hveim er sér góðan getur.

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama.
Eg veit einn
að aldrei deyr:
dómur um dauðan hvern.

(Úr Hávamálum)

SMÁAUGLÝSINGAR

34. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 25. ÁGÚST 2010

UPPBOÐ

Uppboð á eftirtöldum munum, fer fram að Ránarbraut
1, Vík, miðvikudaginn 1. september 2010, kl. 13.00:

Lausafé: 4 stk. Daytona stólar, 2 stk. sófaborð,
14 stk. borðstofustólar, 14 stk. sófabakborð,
14 stk. lampaborð, 28 stk. stólar.

Greiðsla við hamarshögg.
Ávísanir ekki teknar gildar sem greiðsla.

Sýslumaðurinn í Vík.

Klausturbúar og nærsveitamenn!

Verðum á Kirkjubæjarklaustri dagana 29.-31. ágúst 2010

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu
Upplýsingar í síma 861 9181



Heiðdís Steinsdóttir snyrtifræðingur
og Þórhildur Karlsdóttir fóttaðgerðarfræðingur

Verðum á Skaftárvöllum 2 á Klaustri
(geymið auglýsinguna)



Tilboðsvara hjá Volare í ágúst á 20% afslætti.
Vara nr. 122.

Sérúnið Aloe Vera gel – 100 ml.
„Apótek“ náttúrunnar sem róar, græðir, veitir raka og kemur jafnvægi á húðina. Skyndihjálpargel sem er hægt að nota við ýmsum óþægindum á húðinni.
Fullt verð kr. 4.590.- Tilboðsverð kr. 3.670.-

Gamall maður fór til læknis og sagðist ætla að gifta sig. “Hvað er brúðurin gömul? Hún er 24 ára”, svaraði maðurinn. “aldurs þíns vegna ráðlegg ég þér, að fá þér ungan leigjanda sem getur stýtt henni stundir”, sagði lækinn. Ári seinna hitti lækinn gamla manninn og spurði hvernig gangi. “Gengur fint”, svaraði hann, ...”hún er.....ólétt”. “En leigjandann?”, spurði lækinn “Hún er ólétt líka”,

Hvað ertu þungur? -Ég er 60 kg. með gleraugun á nefinu.
-Gleraugun? Þau geta varla skipt svo miklu máli. -Jú, því ef ég er ekki með gleraugun á nefinu þá sé ég ekki hvað stendur á vigtinni.

Þetta er saga um fjóra menn sem heita Sérhver, Einhver, Hver-sem-er og Enginn. Það þurfti að vinna áriðandi verkefni og Sérhver var viss um að Einhver mundi gera það. Hver-sem-er hefði getað gert það en Enginn tók sig til og gerði það. Þá varð Einhver reiður þar sem þetta var í raun á verksviði Sérhvers. Sérhverjum fannst hins vegar að Hver-sem-er gæti vel gert það, en Engum var ljóst að Hver-sem-er myndi aldrei gera það. Þetta endaði svo með því, að Enginn gerði það sem Hver-sem-er hefði getað gert.

Á DÖFINNI

GÖNGUFERÐIR
FERÐAMÁLAFÉLAGS
SKAFTÁRHREPPS SUMARIÐ 2010

1. september: Kvöldferð: Með Brúnum;
Hunkubakkar-Klaustur Fararstjórn:
Björgvin Harðarson og Björk
Ingimundardóttir
Mæting við Hunkubakka kl. 19
(Skaftárskála kl. 18:50)

**Er byrjuð að taka í
Bowen meðferðir aftur.**

**Tímamantanir í síma 891 7810
Sæunn**

Málshættir

Betri er fullur magi en fögur klæði.
Betri er lukka en löng bein.
Bæ má af barni þekkjja.
Bættu svo bú þitt, að eigi skaðir annan.
Bylur hæst í tómrí tunnu.
Botnlaust djúp er bágð að kanna.
Boga skyldi enginn of langt toga.
Blindur er hver í sjálfs sins sök.
Blessun vex með hverju.
Bítur á beittan öngul.
Biðlund sigrar alla hluti.
Beygðu kvistinm, meðan hann er ungur en brjóttu hann ekki.
Betur sjá augu en auga.
Betur draga tveir fuglar til hreiðs en einn.

Netverslunin - www.fallegfot.is

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.
Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.



Hér er Herjólfur að koma sína fyrstu ferð í Landeyjahöfn 20. júlí sl.

Mynd: Sigríður Tómasdóttir

SVEINN SPAKI

Sveinn spaki, biskup í Skálholti 1466-1476, var kallaður forspár og framsýnn. Sumir ætluðu, að hann kynni hrafnamál, en aðrir, að það væri ekki hrafn, heldur einhver andi í hrafnslíki, illur eða góður, sem hann hefði mök við.

Þegar hann var kirkjuprestur í Skálholti, mörgum árum áður en hann varð biskup, var hann sendur upp að Torfastöðum að messa þar, og reið með honum piltur, sem Erlendur hét Erlendsson, frá Kolbeinsstöðum í Borgarfirði.

Svo bar til, þegar þeir komu í hólana fyrir sunnan Hrosshaga, að harðviðrisbyl gjörði á þá með fjúki, og lögðust þeir þar fyrir. Pilturinn fór þá að örventa og sagði, að hann mundi aldrei þaðan lífs komast.

Prestur sagði, að hann skyldi bera sig karlmannlega, "því hér eftir kemur gott, og önnur verður þá okkar ævi, þá ég er biskup í Skálholti, en þú eignast dóttur Þorvarðs ríka á Möðruvöllum og hústrúnnar þar."

Erlendur svaraði: "Það veit ég verða má, að þér verðið biskup í Skálholti, en það má aldrei verða, að ég fái svo ríka og vel borna stúlku, jafnfátækur sem ég er."

"Efa þú aldrei," segir prestur, "guðs gáfur, hans mildi og miskunn, því svo mun verða sem ég segi og það til merkis, að þá þú riður til konukaupa, mun slík helliskúr koma, að menn munu varla þykjast muna slíka."

Á móti morgni létti upp hríðinni, og fóru þeir leiðar sinnar til Torfastaða. Svo fór allt og fram kom, að Erlendur eflidist og mannaðist og eignaðist Guðríði, dóttur Þorvarðs, en Sveinn varð biskup. En þegar

Erlendur reið til kaupa, kom svo mikil hvolfuskúr, meðan þeir riðu heim, að allt varð hriðvott, en áður var glatt sólskin, er þeir komu undir túnið.

Meðan Sveinn var prestur, skírði hann barn einu sinni, og sagði hann, að því mætti ætla brækur, en ekki sokka, því það mundi verða flysjungur. Barnið óx upp, varð röskur maður og framdi tvö manndráp í tíð Stefáns biskups.

Hann sagði fyrir um vinda og veðráttufar, um lífsstundir manna og hvernig til mundi ganga í Skálholti eftir sinn dag, að hinn fyrsti biskup eftir sig mundi ekki ríkja lengi; annar þar eftir mundi hýsa vel staðinn og mest grjót til hans flytja; þriðji þar eftir mundi draga mestan grenivið að staðnum og kirkjunni, "og má með réttu," hafði hann sagt, "sá hinn fyrri kallast grjót-biskup, en hinn greni-biskup.

Þar eftir með hinum fjórða munu siðaskipti koma í land á öllu: messusöng og tíðagjörðum, hringingum og helgihöldum, og mun það alla tíma aukast meir með þeim fimmta og sjötta; þá vil ég heldur vita son minn búa í Höfða hjá Skálholti eða væri fjósamaður í Skálholti en kirkjuprestur þar, því Skálholt hefur aukist og eflst með herradæmi, en mun eyðast með eynd og vesalingsskap, enda er þá þetta land komið undir útlendar þjóðir."



Því miður höfum við ekki nöfnin á fólkinu



Fréttatilkynning frá Klausturhólum.

Sól skein í heiði og veðrið lék við okkur hér á Klausturhólum eins og aðra sunnanlands. Á hlaðinu stóð fína grillið okkar frá Velunnarásjói Klausturhóla og beið þess að verða notað. Nú er dagurinn sögðum við að morgni þriðjudagsins 20. júlí enda hitinn yfir 20 gráður og sól. Allt lagðist á eitt við að gera daginn skemmtilegan. Guðni kom ásamt konu sinni Ingunni og spilaði á harmonikku undir borðum, það var sungið og dansað þótt starfsstúlkur væru misjafnlega færar í "tjúttinu". Undir borðum afhenti Magnús Þorfinnsson frá Hæðargarði heimilinu "Webster's Encyclopedic Unabridged Dictionary of the English Language" til eignar. Hún sómir sér vel við hlið ljóðabókar Þorsteins Jóhannssonar frá Svínafelli "Undir breðans fjöllum" sem Jón Páll Pálsson frá Svínafelli mágur hans gaf okkur fyrir skömmu. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir hlýhug í garð heimilisins. Það voru mettir og ánægðir heimilismenn sem lögðu sig miðdagshvildina þennan daginn. Myndirnar tala sínu máli.

Klausturkveðja, Sigbrúður Ingimundardóttir, hjúkrunarforstjóri



Minningarsteinn

Var reistur upp um sl. helgi. Steininum var fundinn staður á afrétti í Skaftárhreppi, um Pál Símon Kristjánsson sem varð úti í fjárleitum á Landbrotsafrétti í október 1938 fannst 24-10-1938.

Það var Ragnar Jónsson frá Dalhöfða sem hóf umræðu um þetta fyrir nokkrum árum, síðan fóru á stað með þetta Kristján Bøðvarsson og Sólveig Davíðsdóttir. Sótt var um leyfi til ríkisins og Skaftárhrepps og var það auðsótt mál.

Þess má geta að steinninn er sóttur úr Skaftárdalslandi og Páll Símon Oddsteinsson í Hvammi flutti steinninn inn á afrétt.

Páll Símon Kristjánsson

*Fæddur: 16-2-1916 á Jórvík í Álftaveri
Fannst látinn 24-10-1938. Varð úti í fjár-*

leitum, foreldrar hans voru Kristján Pálsson f. 1891 og Þorbjörg Jónsdóttir, kona hans, f. 1893. Hjá foreldrum sínum í Jórvík til 1918, á Skaftardal 1918 til æviloka.

Heimild: Vestur-Skaftfellingar e. Björn Magnússon

Á steininum eru þessar vísur:

Sóma piltur var hann á þessu má það sjá.
Fyrir trúmennsku sína dó hann er smala var heiðum á.

Höf: O.S.G.

Ég veit að þú vinur minn lifir og vinnur þín trúnaðarstörf.
Og bjart mun þar andanum yfir og eins mun þin vera þar þörf.

Höf: Þ.H.

Mynd: Sólveig Davíðsdóttir

Íþróttamiðstöðin á Kirkjubæjarklaustri auglýsir eftir starfsmanni.

Starfsmaður óskast í hlutastarf í Íþróttamiðstöðinni í vetur. Starfið felst í sundlaugarvörslu, þrífum og afgreiðslu. Unnið er samkvæmt vaktaskipulagi 2-4 daga vikunnar.

Starfsmaðurinn þarf að hafa ríka þjónustulund og mikla hæfni í samskiptum við fólk á öllum aldri.

Umsækjandi þarf að standast hæfnispróf sundstaða sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði.

Æskilegt er að umsækjandi sé eldri en 20. ára og með hreina sakaskrá. Laun samkvæmt kjarasamningum.

Nánari upplýsingar veitir Siggí Gunn, umsjónarmaður Íþróttamiðstöðvar, í síma 864-1196. Einnig er tekið við fyrirspurnum á netföngin itrottamidstod@klaustur.is og siggigunn@klaustur.is



Einar Einarsson á Völlum í Mýrdal að leggja í útreiðatúr með dóttursyni sínum, Ísari Mána 6 ára (t.h.) og Stefaniu Stellu 7 ára. Mynd: Halldóra Gylfadóttir